



Skútustaðahreppur, Mývatnssveit 600269-1009

Hlíðavegi 6, 660 Mývatn Iceland s: 464-4163 f. 464-4363, netf. gudrunm@myv.is

Fundargerð Skólanefnd

3. fundur

Skólanefndarfundur haldinn í Reykjahlíðarskóla 10. janúar kl 15:30.

Mætt voru: Puríður Helgadóttir formaður, Eyþór Pétursson, Þórhalla Valgeirsdóttir, Sigurður Böðvarsson og Friðrik Jakobsson. Fulltrúi kennara Sigríður Sigmundsdóttir, Sólveig Jónsdóttir skólastjóri og Auður Jónsdóttir kennari.

1. Fundarsetning.

Formaður setti fund, bauð fundarmenn velkomna, skipaði Sigurð Böðvarsson fundarritara, samþykkt samhljóða.

2. Verkefni framundan.

a) Námsmat

Sólveig sagði frá og kynnti námsmat og aðferðafræðina á bak við það. Hún kom m.a. inn á að námslega slakur nemandi getur lyft sér upp á vinnusemi og góðri athygli. Þó nokkur umræða var um að skólinn gæfi frá sér skólaeinkunn og hún skilgreind vel, t.d. að sem mestar upplýsingar um hvern nemanda yrðu gefnar upp skv. ósk Menntamálaráðuneytis.

b) Skimanir

Sólveig kynnti nýjungar við skimun. Skimanir hafa verið lengi við lýði hér í skóla en eru ekki í öllum skólum. Hér má þó bæta stærðfræðiskimun, þ.e. getu

nemenda í stærðfræði í 4-6 bekk. Skólanefnd samþykkti þessa nýju skólaskimun og jafnframt að hún fari inn í skólanámsskrá.

c) Skólakynningar

Sigurður spurði með hvaða hætti skólakynningar færu fram í Reykjahlíðarskóla. Sólveig svaraði því til að nú þegar væri búið að fara inn í MA og VMA. Ekki væri búið að ákveða kynningu frá Framhaldsskólanum á Laugum og ekkert hefði heyrst frá Framhaldsskólanum á Húsavík. Sigurður ítrekaði nauðsyn þess að kynningar væru fengnar frá skólum á svæðinu. Jafnframt sagði Eyþór vera nauðsynlegt að farið yrði yfir umsóknarferli með nemendum í þessum kynningum, t.d. hvernig sótt væri um heimavist.

3. Leikskólamál

Þuríður sagði frá að ekkert hefði enn gerst í leikskólamálum þar sem nefnd sú sem skólanefnd lagði til að skipuð yrði, hefði ekki enn verið komið á laggirnar. Skólanefnd ítrekar nauðsyn þess að nefndin verði skipuð og taki þegar til starfa.

4. Trúnaðarmál.

Fært í trúnaðarmálabók.

Fleira ekki bókað og fundi slitið kl. 16:50

Þuríður Helgadóttir

Eyþór Pétursson

Þórhalla Valgeirsdóttir

Sigurður Böðvarsson

Friðrik Jakobsson